

# D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness fimmtudaginn 24. ágúst 2017 í máli nr. S-424/2016:

Ákærvaldið

(*María Káradóttir aðstoðarsaksóknari*)

gegn

X

(*Magnús Davíð Norðdahl hdl.*)

Mál þetta, sem tekið var til dóms 29. júní sl., höfðaði lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu með ákæru 8. nóvember 2016 á hendur ákærða, X, kt. [...], [...], [...];

„fyrir hatursorðræðu, með því að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 16. apríl 2015 skrifað og birt eftirfarandi ummæli við frétt sem birtist á fréttavefnum dv.is og bar yfirskriftina „Hafnarfjörður: Fyrst til að bjóða grunnskólanemum upp á hinseginfræðslu?“;

„Á nú að fara eyðileggja sakleysi barnanna að foreldrum forspurðum? Ég myndi flokka þetta undir barnanýð (sic) vera troða kynvillu í saklaus börn. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar vinsamlegast haldið saurugum hugsunum og löngunum ykkar frá börnunum mínum.“

sem fólu í sér ógnun, háð, rógburð og smánun á opinberum vettvangi í garð ótiltekings hóps manna hér á landi vegna kynhneigðar og kynvitundar þeirra.

Telst þetta varða við 233. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.“

*Kröfur ákærða í málinu:*

Ákærði krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af kröfum ákærvalds. Til vara krefst ákærði þess að refsing hans verði ákveðin eins væg og lög framast heimila. Í báðum tilvikum krefst ákærði þess að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði.

## I

Hinn 15. apríl 2015 var svohljóðandi tillaga lögð fyrir fund bæjarstjórnar Hafnarfjarðar:

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja til við bæjarstjórn að farið verði í átak í eflingu hinseginfræðslu og –ráðgjöf í grunnskólum Hafnarfjarðar. Hafnarfjarðarbær leitist við að gera samstarfssamning við Samtökin '78 um þróun námsefnis fyrir öll stig grunnskóla, frá 1. til 10. bekkjar og sérfræðingar Samtakanna haldi námskeið fyrir alla starfsmenn grunnskóla Hafnarfjarðar.

Nemendum í unglingsáttíðum grunnskóla verði sömuleiðis gert kleift að sækja einstaklingsráðgjöf hjá sérfræðingum Samtakanna án endurgjalds.

Tillagan var samþykkt af bæjarstjórn. Í kjölfarið hlaut málið talsverða umfjöllun í fjölmiðlum. Meðal annars birtist samdægurs frétt á vefsíðunni dv.is sem bar yfirskriftina: „Hafnarfjörður: Fyrst til að bjóða grunnskólanemum upp á hinseginfræðslu.“ Aðfaranótt 16. apríl 2015 ritaði ákærði svohljóðandi athugasemd við fréttina: „Á nú að fara eyðileggja sakleysi barnanna að foreldrum forspurðum? Ég myndi flokka þetta undir barnanýð (sic) vera troða kynvillu í saklaus börn. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar vinsamlegast haldið saurugum hugsunum og löngunum ykkar frá börnunum mínum.“ Með bréfi til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu 26. apríl 2015 kærðu Samtökin 78-félag hinsegin fólks á Íslandi þá háttsemi ákærða að láta framangreind ummæli falla í athugasemd við fréttina. Í kærnu samtakanna var því haldið fram að í háttsemi ákærða hefðu falist ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs og hann með ummælum sínum ráðist opinberlega með háði, rógi og smánun á hóp ónafngreindra manna vegna kynhneigðar og/eða kynvitundar þeirra. Taldi kærandi að háttsemi ákærða varðaði við 233. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með bréfi 8. september 2015 var kæranda kynnt sú ákvörðun lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, sbr. 4. mgr. 52. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, að vísa kærinni frá þar sem embættið teldi ekki grundvöll fyrir því að hefja rannsókn á meintu broti ákærða. Kærandi vildi ekki una þeirri niðurstöðu og kærði ákvörðun lögreglustjóra til ríkissaksóknara með bréfi 8. október 2015. Með bréfi 6. nóvember 2015 felldi ríkissaksóknari ákvörðun lögreglustjóra úr gildi og lagði fyrir hann að taka málið til rannsóknar. Rannsókn lögreglu lauk með skýrslutöku af ákærða 23. ágúst 2016. Mál þetta var síðan höfðað gegn ákærða 8. nóvember 2016 samkvæmt áðursögðu.

## II

Við aðalmeðferð málsins staðfesti ákærði að hafa látið þau ummæli falla sem tekin eru upp í ákæru. Aðspurður kvaðst ákærði „svo sem eiginlega ekki neitt“ hafa vitað um hina fyrirhuguðu hinsegin fræðslu þegar hann setti ummæli sín fram. Kvaðst ákærði hafa reiðst vegna þessara tíðinda og vísaði í því sambandi til þess að 10 ára sonur hans hefði verið í skóla í Hafnarfirði á þessum tíma og hefði ákærða fundist drengurinn allt of ungur fyrir „eitthvað svona“. Tók ákærði fram að þetta hefði verið „alger vitleysa“ af sinni hálfu.

Ákærði kvað aðspurður það alls ekki hafa verið ásetning sinn að særa einhvern eða meiða með ummælum sínum. Þetta hefði verið „bara svona reiði vitleysa sko“. Ákærða hefði heldur ekki rennt í grun á þeirri stundu sem hann ritaði ummælin að hann gæti sært einhvern eða meitt með þeim. Svo langt hefði ákærði

ekki hugsað.

### III

Ákærði lagði fram greinargerð í málinu með heimild í 1. mgr. 165. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Í henni er meðal annars til þess vísað að ákærði hafi rétt til að tjá skoðanir sínar. Samkvæmt 1. mgr. 73. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, sbr. lög nr. 33/1944, komi fram að allir séu frjálsir skoðana og sannfæringar. Þá segi í 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem veitt hafi verið lagagildi með lögum nr. 62/1994, að sérhver maður eigi rétt til tjáningarfrelsis. Sá réttur skuli einnig ná yfir frelsi til að hafa skoðanir, taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum heima og erlendis án afskipta stjórnvalda. Framangreind ákvæði verndi ein mikilvægustu réttindi sem einstaklingar búi yfir í lýðræðissamfélagi. Tjáningarfrelsið sé einn af hornsteinum hvers lýðræðisríkis. Skýra lagaheimild þurfti til að skerða þessi réttindi og allar skerðingar á þeim sæti þröngri lögskýringu. Ákærði telji að ummæli hans falli undir verndarvið 1. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar og að skýra eigi 233. gr. a. almennra hegningarlaga þröngri lögskýringu. Ummæli ákærða geti með engu móti fallið undir verknaðarlýsingu ákvæðisins þannig skýrt.

Ströng skilyrði séu fyrir því að tjáning geti talist refsiverð samkvæmt 233. gr. a. almennra hegningarlaga. Tjáningin þurfi að vera alvarleg og hafa það að markmiði að hæða, rægja, smána eða ógna manni eða hópi manna. Sú skoðun sem ákærði hafi sett fram í umræðunni uppfylli ekki þau ströngu skilyrði sem ákvæðið setji fyrir refsingu. Þannig hafi ekki verið um alhæfingu að ræða sem haft hafi að markmiði að hæða, rægja eða smána hinsegin fólk heldur hafi ákærði einungis verið að upplýsa hver hans skoðun væri á umræddri samþykkt bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Vangaveltur af því tagi séu ekki refsiverðar samkvæmt 233. gr. a. almennra hegningarlaga. Ummæli ákærða falli því ekki undir ströng skilyrði ákvæðisins og af þeim sökum verði ákærða ekki refsað fyrir þau.

### IV

Mál þetta hefur ákærvaldið höfðað gegn ákærða samkvæmt áðursögðu fyrir „hatursorðræðu“ með því að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 16. apríl 2015 skrifað og birt áðurrakin ummæli við frétt sem birtist á fréttavefnum dv.is og bar yfirskriftina „Hafnarfjörður: Fyrst til að bjóða grunnskólanemum upp á hinseginfræðslu?“ Í ákæru er því haldið fram að ummæli ákærða hafi falið í sér ógnun, háð, rógburð og smánun á opinberum vettvangi í garð ótiltekens hóps manna hér á landi vegna kynhneigðar og kynvitundar þeirra. Telur ákærvaldið að lýst háttsemi ákærða varði við 233. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í 233. gr. a. almennra hegningarlaga er kveðið á um að hver sem opinberlega hæðist að, rógber, smánar eða ógnar manni eða hópi manna með ummælum eða

annars konar tjáningu, svo sem með myndum eða táknum, vegna þjóðernis, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða, kynhneigðar eða kynvitundar, eða breiðir slíkt út, skuli sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa látið þau ummæli falla sem tekin eru upp í ákæru í athugasemdum við áðurnefnda frétt á vefsíðunni dv.is. Birtingu ummæla í athugasemdum á slíku vefsvæði verður að telja opinbera í skilningi 233. gr. a. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt 1. mgr. og 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, sbr. einnig 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, á ákærði rétt til skoðana sinna og að láta þær í ljós. Samkvæmt 3. mgr. 73. gr. verða skorður ekki settar við frelsi ákærða til skoðana sinna um menn og málefni, og til að tjá þær opinberlega, nema því aðeins að nauðsyn beri til í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda sé það gert með lögum og samrýmanlegt lýðræðishefðum. Andspænis tjáningarfrelsi ákærða stendur því réttur manna til þess að þurfa ekki að þola árásir vegna þjóðernis, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða, kynhneigðar eða kynvitundar, sem varinn er af 233. gr. a. almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands.

Við mat á því hvort ummæli ákærða teljist refsiverð verður að horfa til samhengis þeirra og markmiðs, stöðu þess sem þau setti fram, svo og forms, alvarleika og tilefnis þeirra. Ráða má af framansögðu að mikilsverð málefni þarf til að heimilt sé að skerða tjáningarfrelsið. Þær ströngu kröfur renna einnig, ásamt öðrum lögskýringarsjónarmiðum, stöðum undir þá niðurstöðu að skýra beri ákvæði 233. gr. a almennra hegningarlaga þröngri lögskýringu.

Fyrir dómi kvaðst ákærði aðspurður „svo sem eiginlega ekki neitt“ hafa vitað um hina fyrirhuguðu hinsegin fræðslu þegar hann setti ummæli sín fram. Sagðist ákærði hafa reiðst er hann frétti af fræðslunni. Ákærði vísaði í því sambandi til þess að 10 ára gamall sonur hans hefði verið í skóla í Hafnarfirði á þessum tíma og hefði ákærða fundist drengurinn allt of ungur fyrir „eitthvað svona“, eins og ákærði orðaði það. Einnig kom fram hjá ákærða að það hefði alls ekki verið ásetningur hans að særa einhvern eða meiða með ummælum sínum. Þetta hefði verið „bara svona reiði vitleysa“. Ákærða hefði ekki rennt í grun á þeirri stundu sem hann ritaði ummælin að hann gæti sært einhvern eða meitt með þeim.

Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik, sem telja má honum í óhag, á ákæruvaldinu. Þá metur dómari hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, sbr. 1. mgr. 109. gr. sömu laga.

Svo tjáning geti talist refsiverð samkvæmt 233. gr. a. almennra hegningarlaga þarf hún að hafa haft það að markmiði að hæða, rægja, smána eða ógna manni eða hópi manna. Ásetningur er saknæmisskilyrði samkvæmt ákvæðinu, sbr. 18. gr. sömu laga. Í málinu liggur fyrir að ákærði var afar ósáttur við fyrrgreinda samþykkt bæjarstjórnar Hafnarfjarðar af ástæðum sem hann lýsti í skýrslu sinni fyrir dómi. Í athugasemd sinni við umrædda frétt á vefsíðunni dv.is upplýsti ákærði um þá afstöðu sína og beindi hann orðum sínum sérstaklega að bæjarstjórninni. Verður að fallast á það með ákærða í ljósi þess sem fyrir liggur um málsatvik að ekki hafi verið um alhæfingu að ræða af hans hálfu, sem haft hafi að markmiði að hæða, rægja eða smána hinsegin fólk, heldur hafi ákærði fyrst og síðast verið að lýsa skoðun sinni á samþykkt bæjarstjórnarinnar. Þótt ákærði hafi sett fram skoðun sína með ósmekklefum hætti verður að telja, með vísan til alls þess sem að framan hefur verið rakið, að ummæli ákærða í þeirri athugasemd sem hann lét falla við fréttina falli utan gildissviðs 233. gr. a. almennra hegningarlaga. Er það því mat dómsins að ákæruvaldinu hafi ekki tekist að sanna gegn neitun ákærða, svo ekki verði vefengt með skynsamlegum rökum, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008, að ákærði hafi gerst sekur um brot gegn nefndu ákvæði almennra hegningarlaga með ummælum sínum. Verður ákærði því sýknaður af kröfum ákæruvalds í málinu.

Með vísan til úrslita málsins, sbr. 2. mgr. 218. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, greiðist þóknun skipaðs verjanda ákærða, Magnúsar Davíðs Norðdahl hdl., úr ríkissjóði, en þóknunin þykir að virtu umfangi málsins hæfilega ákveðin, að virðisaukaskatti meðtöldum, svo sem í dómsorði greinir.

Dóm þennan kveður upp Kristinn Halldórsson héraðsdómari. Fyrir uppsögu dómsins var gætt 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

### **D Ó M S O R Ð:**

Ákærði, X, skal sýkn af kröfum ákæruvalds í málinu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. þóknun skipaðs verjanda ákærða, Magnúsar Davíðs Norðdahl hdl., 511.500 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum.

Kristinn Halldórsson